


## Stöðumat og íhlutun vegna nemenda af erlendum uppruna



**Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2021**

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Vesturkot

**Nafn verkefnisins:** Stöðumat og íhlutun vegna barna af erlendum uppruna

**Nafn verkefnisstjóra:** Aneta Figlarska.

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** UMS-107 2019

### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Verkefnið miðar að því að efla styrkleika og námshæfni barna af erlendum uppruna. Verkefnið miðar einnig að því að bregðast fyrir við námsþörfum barnsins í anda snemmtæks mats og íhlutunar. Í verkefninu er unnið að því að þýða og staðfæra nýtt stöðumat frá Skolverket í Svíþjóð.

- *Stöðumatið* auðveldar leikskólakennurum að framkvæma raunmat á almennri stöðu barna hvað varðar málþroska á íslensku og stærðfræðihugsun. Einnig er könnuð fyrri þekking og reynsla barna að því marki sem hægt er.
- Að bregðast fyrir við námsþörfum barna af erlendum uppruna í anda snemmtæks mats og íhlutunar.
- Tengsl skólaþjónustu í viðkomandi sveitarfélögum (Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ) og leikskólakennara á vettvangi eru efla með það að meginmarkmiði að auka faglega hæfni í kennslu fjöltýngdra barna.
- Skólaþjónustur sveitarfélaganna veita fræðslu og ráðgjöf til lykilkennara sem munu sjá um að innleiða *Stöðumatið* í leikskólunum.
- Efla og styrkja fagleg tengsl við leikskóla sem reynsla hafa af *Stöðumatinu*.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum**

Hugmyndafræði lærdómssamfélagsins var höfð að leiðarljósi í allri undirbúningsvinnu og skipulagningu á verkefninu. Ákveðið var að stofna stýrihóp til að halda utan um verkefnið, fá leyfi fyrir þýðingu á *Stöðumatinu* með aðstoð Menntamálastofnunar og halda námskeið fyrir leikskólakennara og starfsfólk skólaþjónustunnar í sveitarfélögunum. Einnig voru haldnir nokkrir kynningarfundir fyrir ýmsar stofnanir s.s. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl. Prufuleikskólarnir lögðu *Stöðumatið* fyrir börnin og síðan var haldinn fundur í apríl 2021 þar sem farið var yfir hvernig gekk og hver næstu skref yrðu.



## Stýrihópur

Stýrihópur var settur á laggirnar í upphafi samstarfsins. Í honum sátu fræðslustjórar, kennsluráðgjafar fjölmennningar og sérkennslufulltrúar sveitafélagana þriggja. Fundað var reglulega og gerðar áætlanir fyrir næstu skref, fundarstaðir voru til skiptis í sveitarfélögunum. Stýrihópurinn hefur fundað með Kennarasambandi Íslands, Menntamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitafélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem hópurinn hefur kynnt verkefnið og óskað eftir samstarfi. Menntamálastofnun tók mjög jákvætt í samstarfið og sótti hún um þýðingarréttinn til Skolverket í Svíþjóð. Haldnir hafa verið nokkrir fundir með Menntamálastofnun um skiplag verkefnisins.

## Þýðing

*Kartläggning i förskoleklass* er mat en ekki próf sem Skolverket i Svíþjóð setti inn í lög um leikskóla 2019. Öllum leikskólum í Svíþjóð er skylt að leggja *Stöðumatið* fyrir elstu börnin í leikskólum. Ákveðið hefur verið að nefna matsefnið *Stöðumat* á íslensku. *Stöðumatið* skiptist í tvo hluta.

- 1. hluti – Könnum málið.** Markmiðið er að kortleggja tal-, lestrar- og ritunarfærni barna til að geta skipulagt áframhaldandi kennslu. Matið er lagt fyrir að vori fyrir síðasta ár leikskólans og auðveldar leikskólakennurum að koma auga á þau börn sem þurfa meiri íhlutun og í hvaða þáttum. Einnig að finna þau börn sem þurfa auknar áskoranir. Matinu fylgja upplýsingar fyrir kennara og samantektarskjal og byggir á fjórum meginverkefnum:

- Verkefni 1 - Við segjum frá og lýsum
- Verkefni 2 - Við hlustum og tölum saman
- Verkefni 3 - Við tjáum okkur með táknum og bókstöfum
- Verkefni 4 - Við greinum sundur orð og málhljóð

- 2. hluti - Könnum stærðfræðina.** Markmiðið er að gera leikskólakennurum kleift að fylgjast með og koma auga á stærðfræðigetu barna innan mismunandi þátta sem skipta máli fyrir þroska og stærðfræðilega hugsun. Þannig er leikskólakennurum gert auðveldara að finna þá þætti sem vinna þarf meira með síðasta veturinn, finna börn sem þurfa annars vegar aukinn stuðning og sérstaka aðlögun og hins vegar þau sem þurfa auknar áskoranir. Matinu fylgja upplýsingar fyrir kennara og samantektarskjal og byggir það á fimm meginverkefnum:

- Flokkun
- Mynstur
- Teningaspil
- Sandur/hrisgrjón
- Leikvöllurinn

Álfdrís Þorleifsdóttir var fengin til að þýða *Kartläggning i förskoleklass* og fékk verkefnið heitið *Stöðumat*.

## Námskeið

Fimmtudaginn 20. febrúar 2020 var haldið námskeið í Gólfskálanum í Garðabæ fyrir þrjú leikskóla sem höfðu tekið að sér að hefja innleiðingu á *Stöðumatinu*. Matstækið (*Kartlægging i förskoleklass*) var hannað af þremur háskólum í Svíþjóð og Skolverket í kjölfar viðamikillar rannsóknar á móttöku og kennslu barna af erlendum uppruna. Þeir leikskólar sem riðu á vaðið varðandi innleiðingu á *Stöðumatinu* voru Hjallatún í Reykjanesbæ, Vesturkot í Hafnarfirði og Árbær á Selfossi. Garðasel í Reykjanesbæ bættist við sem þróunarleikskóli vorið 2021. Leikskólafulltrúar, leikskólastjórar þróunarleikskólanna, sérkennslufulltrúar og talmeinafræðingar í sveitarfélögunum þremur tóku einnig þátt í námskeiðinu. Kennsluráðgjafar í stýrihópi um *Stöðumatið* fjölluðu á námskeiðinu um forsögu og uppbyggingu *Stöðumatsins*, skipulag og næstu skref í innleiðingu. Þátttakendur létu vel af námskeiðinu og ætlunin var að leggja *Stöðumatið* fyrir á næstu vikum. Vegna Covid breyttust þau áform og hófst fyrirlögn ekki fyrr en skólaárið 2020-2021. Þegar reynsla er komin á notkun *Stöðumatsins* og prófarkalestri lokið verða haldin fleiri námskeið og öllum leikskólum á landinu gefið tækifæri til að nýta hið nýja matstæki sem hefur tilfinnanlega vantað hér á landi.



# STÖÐUMAT

Fimmtudagur 20. febrúar 2020 kl. 12.30-16.00

í golfskála Garðabæjar, Vífilstaðavegi 210 Garðabæ


## Dagskrá

12:30 - 13:00	Hádegisverður - súpa
13:00 - 13:20	Forsaga Stöðumatsins
13:20 - 14:30	Uppbygging Stöðumatsins <ul style="list-style-type: none"><li>- Fyrri þekking og reynsla</li><li>- Könnun málið</li><li>- Könnun stærðfræðina</li></ul>
14:30 - 14:45	Síðdegiskaffi
14:45 - 15:30	Skipulag og framvinda
15:30 - 16:00	Dagskrárlok



## Lærdómsamfélagið

Eins og fram hefur komið var hugmyndafræði lærdómssamfélagsins (Professional Learning Community) höfð að leiðarljósi í allri undirbúningsvinnu og skipulagningu á verkefninu. Í allri breytingarvinnu í skólastarfi er mikilvægt að þeir sem eru í forystuhlutverki s.s. fræðslustjórar og skólastjórnendur séu leiðandi, setji skýr markmið og varði leiðina til að ná settum markmiðum. Þessir aðilar eru í lykilhlutverki þegar kemur að því að hvetja kennara áfram og fá þá með sér í umbótastarf sem miðar að betri árangri nemenda. Anna Kristín Sigurðardóttir og Rúnar Sigþórsson lýsa þessu þannig að „Lærdómssamfélag er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans. Í árangursríku lærdómssamfélagi ríkir menning sem hvetur og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks skólans í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemendanna“ (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013). „Lærdómssamfélög einkennast af öflugri og dreifðri forystu, styðjandi samvinnu, trausti og starfsþróun“ (Rúnar Sigþórsson, 2015, fyrirlestur).



(Glærur frá Önnu Kristínu Sigurðardóttur, 2014)

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Innleiðing verkefnisins hefur í heildina tekið lengri tíma en áætlað var vegna Covid-19.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Mikil vinna fór í yfirllestur eftir þýðingu sem hefur seinkað verkefninu að hluta. Covid-19 hefur sett strik í reikninginn varðandi fyrirlögn og í raun seinkað innleiðingu um heilt ár.

## **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Mat á stöðu barna með annað móðurmál en íslensku er grunnþáttur í að geta mætt þörfum þeirra á markvissan og faglegan hátt og sett inn íhlutun þegar við á. Með *Stöðumatinu* er skólakerfið að fá verkfæri til að mæta börnum fyrr, á þeirra forsendum og út frá styrkleikum þeirra. *Stöðumat* á færni barna í íslensku og stærðfræði á elstu deild leikskóla auðveldar kennurum að koma auga börn sem þurfa aukinn stuðning eða auknar áskoranir og skipuleggja kennslu sem tekur tillit til þarfa barna og byggir á styrkleikum þeirra.

Verkefnið hefur styrkt samstarf sveitarfélaganna og hefur sú vinna verið unnin í anda hugmyndafræði lærdómssamfélagsins (Professional Learning Community). Á fundum stýrihópsins og samstarfsfundum með prufuleikskólunum hafa allir verið tilbúnir til að deila reynslu og þekkingu í opinni fagumræðu. Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá öðrum sveitarfélögum og er mikil eftirvænting og eftirspurn meðal leikskólakennara og leikskólastjóra um að fá aðgang að *Stöðumatinu* sem fyrst.

Þrátt fyrir seinkun vegna Covid 19 eru þróunarleikskólarnir mjög ánægðir með fyrirlögn á *Stöðumatinu* sem gaf þeim betri yfirsýn yfir þekkingu og reynslu barnanna. Þeir telja að niðurstöður *Stöðumatsins* geri þeim kleift að mæta börnum betur námslega og setja þeim raunhæf markmið.

## **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

- *Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?*

Með fyrirlögn á *Stöðumatinu* og þeim upplýsingum sem þar fást er lagður grunnur að öflugu námi og kennslu fyrir börn af erlendum uppruna þar sem byggt er á styrkleikum þeirra og fyrri þekkingu. *Stöðumatið* veitir kennurum upplýsingar um stöðu barna af erlendum uppruna í íslensku, stærðfræðilegri hugsun og skilningi á fyrirmælum. Einnig gefur fyrsta viðtal *Stöðumatsins* góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi málþroska barnsins á eigin móðurmáli.

Leikskólakennarar geta nýtt niðurstöður *Stöðumatsins* til að leggja grunn að áætlun og viðeigandi íhlutun, fyrir þau börn sem það þurfa, sem mikilvægt er að vinna með síðasta árið í leikskóla og undirbýr börnin betur undir grunnskólagöngu. *Stöðumatið* er vel skipulagt samtál sem byggir á áhuga fyrir margbreytileikanum, virðingu fyrir því sem börn bera með sér inn í skólastarfið og vilja til að virkja þær auðlindir sem börnin búa yfir þeim til framdráttar í námi. Þannig er unnt að styrkja fjölmennningarlegan skólabrag þar sem tungumála- og menningarauðlindir barna eru viðurkenndar í skólastarfinu. *Stöðumatið* gerir leikskólakennurum kleift að byggja upp eigin þekkingu og innan leikskólans í átt til fjölmennningarlegs leikskólastarfs. *Stöðumatið* mun verða aðgengilegt fyrir alla leikskóla landsins þeim að kostnaðarlausu.




## Niðurstöður verkefnisins:

Verkefnið er að stíga sín fyrstu skref inn í leikskólunum. Lítil reynsla er komin á fyrirlögnina en leikskólarnir eru áhugasamir um að halda áfram í haust. Leikskólakennarar voru sammála um að Stöðumatíð gæfi betri yfirsýn á stöðu barnanna varðandi málþroska og stærðfræðilega hugsun, að það skerpti sýn leikskólanna á stöðu hvers og eins og í framhaldi meta hvort og þá hvaða íhlutun þarf að setja af stað. Verkefnið stækkar með haustinu þar sem aðrir leikskólar sveitarfélaganna fá kennslu í notkun *Stöðumatsins*. Næstu skref eru að halda námskeið fyrir aðra leikskóla í sveitarfélögunum þremur og hefja kynningarferli fyrir önnur sveitarfélög á landinu.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Námskeið hefur verið haldið fyrir þróunarleikskóla í sveitarfélögunum þremur. Til stendur að hefja kynningarferli fyrir alla leikskóla sveitarfélaganna á haustdögum 2021 og í framhaldinu á landsvísu. Þróunarleikskólar hafa kynnt niðurstöður fyrirlagnar og áætlað er að innleiðing verkefnisins haldi áfram af auknum krafti í haust. Þá verða einnig haldin námskeið fyrir önnur sveitarfélög sé þess óskað. Stefnt er að því að ritað verði um verkefnið og niðurstöður þess og birt í fjölmiðlum. Stöðumatsefnið verður aðgengilegt til afnota á vefsíðu Menntamálastofnunar fyrir öll sveitarfélög á landinu þegar þróunarstarfi líkur.

**Dagsetning: 11. ágúst 2021**



---

Undirskrift verkefnisstjóra



---

Undirskrift leikskólustjóra þróunarleikskóla